

Á að friða loðnu fyrir Norðmenn og aðrar þjóðir?

Ályktun stjórnar Síldarverksmiðju ríkisins

„Á stjórnarfundum í Síldarverksmiðjum ríkisins 27. okt. s.l. var eftirfarandi ályktun samþykkt og send sem áskorun til sjávarútvegsráðherra.

Í sambandi við loðnuveiðar, vinnslu, afkomu veiðiskipa og verksmiðja viljum við benda á.

1. Nú er sá árstími, sem gefur og hefur gefið veiðum og vinnslu besta afkomu. Nýting hráfnis er á bilinu 30–32% í afurðum.
2. Með núverandi olíuverði og öðrum vaxandi vinnslukostnaði er hæpið að hægt verði að vinna loðnu í bræðslum þegar nýting hráfnis er komin niður í 20%

eins og hún verður í marsmánuði og greiða það hráfnisverð, sem veiðiskipin þurfa, nema til komi því meiri frýsting og hrognataka.

3. Nauðsynlegt er að nú þegar fari fram könnun á möguleikum um sölu frystrar loðnu og hrognavegna hraðvaxandi samkeppni Norðmanna og Rússa á þeim mörkuðum.
4. Við ákvarðanatöku um hámarksafra verði fullt tillit tekið til þeirrar almennu skoðunar skipstjóra loðnuveiðiskipa, að sjaldan hafi verið meiri loðna á miðunum en nú.

5. Rök fiskifræðinga um að minnka loðnuveiðar um helm-ing eru ekki nógu sannfærandi til að réttlæta svo harkalegar aðgerðir. Verði þessi mikli niðurskurður veiða er ekki annað séð en við séum farnir að friða loðnu handa Norðmönn-um og öðrum þjóðum, sem sækja munu í stofninn á næstu árum.

6. Hafa skal í huga, að á veiðitímabilinu í fyrra voru veidd um 1.200.000 tonn af loðnu. Þá veiddu Norðmenn 150.000 tonn. Nú hafa þeir veitt 125.000 tonn. Þeirra hlutur er því orðinn úr 1. milljón tonna. Sjálfir juku Norðmenn töluvert sinn sumar- og haustveiðikvóta í Barentshafi og bættu nýlega við hann 17%. Nú hafa Norðmenn veitt kvótann í Barentshafi og eru að senda leitar- og veiðiskip á Jan Mayen svæðið.

Afkomuspá Þjóðhagsstofnunar, fjárfestingar í skipum til loðnuveiða og endurbýgging vinnslustöðva til loðnavinnslu hefur fyrst

og fremst grundvallast á aflaspám Hafrannsóknastofnunarinnar þar sem talið er óhætt að veiða 1.200.000 – 1.500.000 tonna árs-afla.

Nú er búið að fjárfesta tugi milljarða í þessum atvinnurekstri og þúsundir fjölskyldna í landinu eiga alla sína afkomu undir þess-um veiðum.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins mótmælir þeim vinnubrögð-um, sem viðhöfð hafa verið í þessum málum og fer þess ein-dregið á leit við hæstvartan sjávarútvegsráðherra að raunhæf fiskifræði- og efnahagsleg könnun verði framkvæmd áður en endan-leg ákvörðun verður tekin um stöðvun veiðanna meðan þær eru þjóðhagslega arðbærar.

Verði veiðarnar hinsvegar stöðvaðar í byrjun nóvembermá-nadar neyðist stjórn Síldarverk-smiðja ríkisins til að segja upp störfum, þegar í stað, yfir 200 manna starfslíði ef forða á fyrir-tækinu frá fjárhagslegu hruni.

Norræn sýning á vefjarlist

NORDISK Textiltiennale 1979—80, sem er norræn sýning vefjar-listar og haldin þriðja hvert ár, opnaði að þessu sinni í Gautaborg þann 20. júní síðastliðinn. Næst var hún opnuð í Kunstindustri-museet í Kaupmannahöfn þann 15. sept., og opnar í listiðnaðar-safninu í Helsinki þann 8. nóv-ember. Á Kjarvalsstöðum verður sýningin í apríl 1980, eftir að hafa farið til Noregs og Færeyja.

Sex íslenskir veflistamenn eiga verk á sýningunni. Við opnun hennar í Gautaborg keypti Röhska listiðnaðarsafnið verkið „Atlantis“ eftir Ásgerði Búadótt-ur.

Arndís Björnsdóttir:

„Vona að Sjálfstæðis-flokkurinn komi sterkur út úr kosningunum“

MORGUNBLAÐIÐ hafði í gær samband við Arndísi Björns-dóttur, sem varð í 5. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi og innti eftir álliti hennar á niðurstöðum prófkjörsins. Ekki náðist í Arndísi á mánudaginn. Svar hennar fer hér á eftir:

„Ég er ánægð með útkomuna úr prófkosningunum og þá sam-stöðu sem sjálfstæðismenn sýna þar og persónulega er ég mjög ánægð með að hafa hreppst fimmta sætið því að við sem komum inn sem nýliðar höfðum aðeins eina viku til stefnu til þess að kynna okkur. Mér er efst í huga þakklæti til þeirra mörgu stuðningsmanna sem ég fann að ég átti þegar út í slaginn kom og ég held að kosningabaráttan hafi verið drengileg í alia staði. Ég vil af alhug þakka öllum þeim sem unnu fyrir mig því það var auðvitað ómetanlegt. Ég



vona að Sjálfstæðisflokkurinn komi sterkur út úr kosningunum og heiti mínu stuðningsfólki að vinna flokknum gagn sem sjálf-stæður einstaklingur með sjálf-stæðar skoðanir.“

Nýtt andlit á „Iceland Review“

NÝTT tölublað Iceland Review kom í bókabúðir ekki alls fyrir löngu og þer ritið að nokkru leyti nýjan svip. Útgefandi og ritstjóri þess, Haraldur J. Hamar, sagði í stuttu samtali við Mbl., að hann hefði verið að endurskipuleggja útgáfuna á und-anförnum mánuðum og breyting-arnar, sem kæmu í kjölfarið, væru nú að byrja að sjá dagsins ljós.

Iceland Review er eins og kunnugt er ársfjórðungsrít á ensku um Ísland og íslensk málefni og dreifist til áskrifenda víða um heim. Það hefur komið út síðan 1963 og hefur frá upphafi þótt í sérflokki í tímaritaút-gáfu hérlendis fyrir útlit og frágang.

Sagði Haraldur, að hann hefði ákveðið hægfa breytingar á útliti og aukna litprentun. Þar að auki mundi ritið stækka — og nýir efnispættir bættust því. M.a. fréttaskýringar í „magazin-stíl“, en almennar fréttir voru felldar niður úr blaðinu, þegar Haraldur hóf útgáfu mánaðarlegs fréttablaðs á ensku fyrir fjórum árum, News from Iceland.

Aðspurður sagði Haraldur að út-gáfan væri í þokkalegum vexti þrátt fyrir ýmsan andbyr, sem einkum fælist í síhækkandi útgáfukostnaði, ekki sízt tíðum hækkunum á papp-irsverði. „Vaxandi áhugi innanlands á dreifingu ritsins er mér mikið ánægjuefni,“ sagði hann — „æ fleiri Íslendingar senda vinum og við-

skiptamönnum úti í heimi gjafa-áskriftir, það er mikill styrkur fyrir útgáfuna.“ Vitneskjan um það hve langt líf ritið á er líka ánægjuleg, sagði hann: „Iceland Review er greinilega ekki þeirrar tegundar að fólk kasti því eftir lesturinn, heldur gengur það víða manna á milli í mörg ár.“ Því til sönnunar nefndi hann að algengt væri að útgáfunni bærust áskriftarbeiðnir á pöntunar-sæðlum, sem verið hefðu í ritinu jafnvel fyrir meira en tíu árum.

Þetta síðasta eintak Iceland Re-view er fjölbreytt að efni og litskrú-ugt að vanda.



EF ÞAÐ ER FRÉTT-
NÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í
MORGUNBLAÐINU

AUGLÝSINGA-
SÍMINN ER:
22480

SINDRA STÁL HF.

Fyrirliggjandi í birgðastöð

VÉLASTÁL

Fjölbreyttar stærðir og þykktir

●●●● ■■■■ — — ◆◆◆
sívalt ferkantað flatt sexkantað

Borgartúni 31 sími 27222

SINDRA STÁL HF.

Fyrirliggjandi í birgðastöð

Bitajárn

Allar algengar stærðir

U.N.P. H.E.B. I.P.E.
L H I

Borgartúni 31 sími 27222